

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988,
með síðari breytingum (hjálpertæki).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Hjálpertæki skv. 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, eru undanþegin
skattskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 150., 151. og 152. löggjafarþingi (66. mál) en náði ekki fram að ganga.

Með frumvarpinu er lagt til að hjálpertæki skv. 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, verði undanþegin virðisaukaskatti. Hugtakið hjálpertæki er samkvæmt ákvæðinu skilgreint sem hjálpertæki sem ætluð eru til að draga úr fötlun, aðstoða fatlað fólk við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Jafnframt verður hjálpertækið að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs. Sjúkratryggingar Íslands greiða eða taka þátt í kaupum á hjálpertækjum eftir ákveðnum reglum, sbr. reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpertækja, með síðari breytingum, en notendur þurfa gjarnan að greiða sjálfir fyrir hluta kostnaðar.

Markmið frumvarpsins er að jafna aðstöðumun notenda sem þurfa á slíkum hjálpertækjum að halda og léttu efnahagslega byrði þeirra.

Áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs yrðu ekki veruleg en ríkissjóður greiðir nú þegar stóran hluta þess virðisaukaskatts sem innheimtur er af þessum vörum.